

LÖG**um ábyrgð gagnvart Norræna fjárfestingarbankanum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er fyrir hönd ríkissjóðs heimilt að ábyrgjast hluta Íslands, allt að fjárhæð 8 050 000 SDR, gagnvart Norræna fjárfestingarbankanum vegna fjárfestingarlána og fjárfestingarábyrgða til verkefna utan Norðurlanda.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ganga frá samningi við Norræna fjárfestingarbankann um ábyrgð skv. 1. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 20. desember 1990.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

*Ólafur Ragnar Grímsson.***LÖG****um breytingu á lögum nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir 2. mgr. 24. gr. laganna bætist við ný málsgrein og breytist röð annarra málsgreina til samræmis. Málsgreinin orðast svo:

Ráðherra skipar sjö manna samstarfsráð sjúkrahúsanna í Reykjavík, Borgarspítala, St. Jósefsspítala og ríkisspítala. Í ráðinu eiga sæti formenn stjórnna Borgarspítala, St. Jósefsspítala og ríkisspítala og fjórir fulltrúar skipaðir af þeim ráðherra sem gegnir embætti heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hverju sinni til jafnlengdar starfstíma ráðherra. Skal einn þeirra tilnefndur af stjórnarnefnd ríkisspítala, einn af borgarstjórn Reykjavíkur, en tveir án tilnefningar. Ráðið kys sér formann úr hópi fulltrúa sjúkrahúsanna til tveggja ára í senn. Hlutverk ráðsins er að gera tillögur um mótun framtíðarstefnu áður nefndra sjúkrahúsa, flokkun þeirra og starfssvið, þróunar- og fjárfestingaráætlanir og stuðla þannig að sem hagkvæmasti verkaskiptingu þessara sjúkrahúsa. Tillögur samstarfsráðsins skulu lagðar fyrir stjórnir fyrrgreindra sjúkrahúsa til umfjöllunar og skulu þær síðan senda ráðuneytinu til lögur sínar. Samstarfsráð skal fylgjast með að sjúkrahúsin starfi í samræmi við fjárveit-